



(3. tölublað 2016)

Kvennahlaup ÍSÍ 2016

Kvennahlaup ÍSÍ var haldið í 27. sinn 4. júní sl. Um 12.000 konur á öllum aldri tóku þátt í hlaupinu hér heima og erlendis. Markmið kvennahlaupsins er að hvetja konur á öllum aldri til þess stunda aukna hreyfingu, hittast og hafa gaman saman. Á Akranesi tóku fjölmargar konur þátt í blíðskaparveðri. Hlaupið var frá Akratorgi en þar sá Íris Ósk Einarsdóttir um Zumba upphitun og þökkum við henni kærlega fyrir sitt framlag. Einnig var hlaupið frá dvalarheimilinu Höfða en það var í 4. skipti sem hlaupið er þaðan.



Glæsilegt Norðurálmót

Norðurálmót var haldið dagana 10. – 12. júní sl. Um 1.500 strákar á aldrinum sex til átta ára tóku þátt í mótinu í ár og voru um 5.-6.000 manns sem fylgdu strákunum. Um 176 lið frá 33 félögum tóku þátt og í fyrsta skipti í sögu mótsins var erlent lið, B67 frá Nuuk í Grænlandi, á meðal keppenda. Norðurálmótið var einstaklega vel heppnað og algjörlega til fyrirmyndar ekki bara fyrir ÍA heldur fyrir allt bæjarfélagið. Knattspyrnufélagið á mikið hrós skilið fyrir vel skipulagt mót og flotta umgjörð en um 1.000 sjálfboðaliðar komu að mótinu að einhverju leyti. Norðurálmótið á Akranesi hefur fest sig í sessi sem einn af aðalviðburðum sumarsins og hefur borið hróður Akraness víða.



Jónsmessugangan 2016

Jónsmessugangan í ár var farin 24. júní og var tvískipt að þessu sinni. Vaskur 15 manna hópur undir forystu Jóhönnu Hallsdóttur og Ernu Haraldsdóttur gekk á Háahnjúk og 33 gengu um Akranes og fræddust um sögu og örnefni á

leiðinni, en sú ganga var leidd af Rannveigu Lydiu Benediktsdóttur og Guðna Hannessyni. Að göngu lokinni skelltu margir sér í flot og pottinn í Bjarnalaug og létu þreytuna líða úr sér.

Íþróttabandalag Akranes þakkar öllum þátttakendum fyrir mætinguna og sérstaklega því góða fólki sem leiddi gönguna að þessu sinni, þeim Ernu, Guðna, Púslu og Hönnu.



Aldursflokkameistaramót Íslands í sundi

Helgina 24.- 26. júní fór fram aldursflokkameistaramót Íslands í sundi á Jaðarsbökkum. Á mótinu kepptu 30 sundmenn frá sundfélagi Akraness en aldrei hafa verið jafn margir þátttakendur frá ÍA. Alls voru um 300 keppendur skráðir til leiks frá 16 félögum. Mótið var einstaklega vel heppnað og eiga mótshaldarar mikið hrós skilið. Skagamenn stóðu sig almennt vel og var Íþróttamaður Akraness 2015, Ágúst Júlíusson þeirra hlutskarpastur en hann vann til fjölmargra verðlauna á mótinu. Eitt Íslandsmet var slegið á AMÍ en það átti Már Gunnarsson í 400m fjórsundi karla en hann keppir í flokki blindra og sjónskertra S12. Nánari upplýsingar um úrslit má finna á síðu sundsambands Íslands (sundsamband.is). Kristinn Gauti Gunnarsson bjó til skemmtilegt vídeó af mótinu sem finna má á facebook síðu SA.



Landsmótið á Hólum 2016

Dreyrafélagar stóðu sig vel á Landsmóti hestamanna í ár. Í barnaflokki kepptu þær Unndís Ída og Ester Þóra á sínu fyrsta stórmóti og stóðu sig vel. Í ungmennaflokki kepptu 4 ungmenni frá Dreyra og má sjá nánari úrslit hjá þeim á heimasíðunni landsmót.is.

Dreyrafélaginn Jakob Svavar Sigurðsson var stórtækur á þessu móti. Hann sigraði B-flokk gæðinga á Nökkva frá Syðra Skörðugili með glæsieinkuninna 9.21. Hann varð annar í töltinu á Glóriu frá Skúfslæk með 8.89. Jakob varð svo 3. Sæti í A-flokki gæðinga á Skýr frá Skálakoti með 8.92. Rúsínan í pylsuendanum var að fá verðlaun Félags tamningamanna fyrir íþróttamannslega framkomu, þrúðmennsku og fágaða reiðmennsku bæði í keppni og í sýningum. Glæsilegur árangur hjá Jakobi.

Skagamenn með fimm sigurleiki í röð

Skagamenn fóru ekki vel af stað í Pepsi deildinni í sumar og voru einungis með 4 stig þegar hlé var gert á deildinni vegna EM karla í knattspyrnu. Gulli og strákarnir komu hins vegar tvífeldir til baka úr EM fríinu og gerðu sér lítið fyrir og unnu 5 leiki í röð. Þetta er í fyrsta sinn síðan 2003 sem ÍA vinnur 5 leiki í röð í efstu deild karla.



Garðar Gunnlaugsson hefur verið á skotskónum í sumar en hér fagnar hann einu af mörkum sínum ásamt liðsfélögum.

Meistaramót golfklúbbsins Leynis 2016

Meistaramót GL var haldið dagana 4.- 9. júlí á Garðavelli. Kylfingar fengu gott veður og voru aðstæður hinar bestu. Um 130 félagsmenn tóku þátt að meðtöldum þeim þátttakendum sem tóku þátt í meistaramóti barna og unglunga. Aðstæður voru hinar bestu og völlurinn í góðu standi. Upplýsingar um sigurvegara í hverjum flokki fyrir sig má sjá á heimasíðu golfklúbbsins (www.leynir.is).



Meðfylgjandi mynd er af þeim Elleni Ólafsdóttur, Hrafnhildi Sigurðardóttur og Ásdísi Kristjánsdóttur en þær skipuðu þrjú efstu sætin í flokki

Fyrsti sigurleikur m.fl. kvenna gegn KR

Þann 19. júlí spilaði m.fl. kvenna við KR í Frostaskjólí. Þær gerðu sér lítið fyrir og unnu með tveimur mörkum gegn engu. Þetta var heldur betur langþráður sigur því Skagakonur höfðu ekki unnið leik í efstu deild frá því árið 2.000. Frábært hjá stelpunum!



Ólafur Steinn Íslandsmeistari í Skeet

Íslandsmeistaramótið í Skeet var haldið 13. og 14. ágúst s.l. að lðavöllum í Hafnarfirði. Ólafur Steinn Ólafsson frá Skotfélagi Akraness gerði sér lítið fyrir og varð Íslandsmeistari í 3. flokki. Glæsilegur árangur hjá honum.

